

Undanþágur frá kröfum um sóttkví fyrir flugáhafnir eftir vinnuferðir erlendis

Undanþága er **veitt** frá almennum fyrirmælum um sóttkví þeirra sem ferðast hafa til skilgreindra áhættusvæða COVID-19 sýkingar til handa flugáhöfnum flugrekstraraðila með rekstrarleyfi hér á landi auk áhafnar meðlima erlendra rekstraraðila sem búsettir eru hér með eftirtöldum skilyrðum:

- 1) Áhafnir sem eiga sína aðalbækistöð eða eru búsettir hér á landi hafi ferðast eingöngu í atvinnuskyni og hafi farið í einu og öllu eftir leiðbeiningum vinnuveitanda eða sóttvarnalæknis sem líta má á sem varnarsóttkví.
- 2) Ekki sé blandað saman í sama flug áhafnar meðlimum sem eru þátttakendur í íslensku samfélagi við áhafnar meðlimi sem eiga sína aðalbækistöð erlendis.
 - Sértilvik: ef **sömu einstaklingar** starfa saman í áhöfn heila vaktatörn án þess að nýir einstaklingar bætist í hópinn innan 14 daga áður en vaktatörn lýkur, gildir undanþágan þrátt fyrir mismunandi bakgrunnsáhættu við upphaf vaktatarnar ef engin COVID-19 veikindi koma upp meðal áhafnar meðlima meðan á vaktatörn stendur.
- 3) Áhafnar meðlimir sem útsettir eru fyrir smiti þrátt fyrir varúðarráðstafanir sem vinnuveitandi mælir með, hvort sem það er innan fjölskyldu, vinnuhóps eða í starfsumhverfi verða að virða að fullu sóttkvíartilmæli sóttvarnalæknis og falla ekki lengur undir þessi undanþáguskilyrði.
- 4) Starfsmenn í þessari stöðu fylgist vel með heilsunni og sérstaklega eftirfarandi:
 - a. Kvef eða hálssærindi, skyndilegar breytingar á bragð- og lyktarskyni
 - b. Hósti eða mæði
 - c. Þreyta, vöðva- eða beinverkir, höfuðverkur
 - d. Hiti yfir 38°C

Ef eitthvert atriði sem talin eru upp í liðum a-c kemur fram skal mæla hita. Jafnvel þótt hiti sé eðlilegur þarf að ráðfæra sig við starfsmannaheilsuvernd um hvort mæta megi til starfa.

Athugið að saga um staðfestan COVID-19 sjúkdóm hérlendis gerir sóttkví **óþarfa** við heimkomu, óháð skilyrðum við störf erlendis. Staðfestingu á slíkri undanþágu frá sóttkví má sækja um til mottaka@landlaeknir.is.

Sóttvarnalæknir